



Héraðsnefnd Árnésinga bs.

17. fundur haldinn á Hótel Selfossi

15. október 2019

1. Fundarsetning og kosningar

Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árnésinga bs., setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Skipan í framkvæmdastjórn og stjórn Tónlistarskóla Árnésinga.

Þar sem fulltrúi Ölfusinga, Rakel Sveinsdóttir, hefur hætt störfum í sveitarstjórn gerir kjörnefnd eftirfarandi tillögu að skipan í framkvæmdastjórn og í stjórn Tónlistarskóla Árnésinga.

Í stað Rakelar komi Kristín Magnúsdóttir, Ölfusi, í framkvæmdastjórn og einnig í stjórn Tónlistarskólans þar sem hún yrði formaður í samræmi við reglur þar um.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Skipan í fulltrúaráð EBÍ

Kjörnefnd leggur til að fulltrúi Héraðsnefndar Árnésinga í fulltrúaráði EBÍ verði Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og hans varamaður verði Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Framkvæmdastjórn HÁ, skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Eyþór H. Ólafsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar.

Ræddi hann um framgang verkefna sem samþykkt var að fara í á vorkundi nefndarinnar. Hafnar eru framkvæmdir við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka en í sumar hefur verið unnið að lagfæringu á stóru skemmuni. Gerður hefur verið leigusamningur við Þjóðminjasafn Íslands frá 1. nóvember nk. um leigu á helmingi stóru skemmunar. Farið hefur verið yfir tryggingamál stofnananna en fengin voru tilboð frá

tryggingafélögum. VÍS var með besta tilboðið og er búið að ganga frá samningi við þá. Með því að fá tilboð frá tryggingafélagunum var hægt að lækka tryggingakostnað ásamt því að vátryggingavernd var aukin í nokkrum tilfellum.

Búið er að fara yfir öryggiskerfi hjá öllum stofnunum og var vöktun kerfanna og árlegar úttektir á kerfum boðið út í september sl. og gildandi samningum sagt upp samhliða. Sett verður upp nýtt myndavélakerfi í Listasafnið í Hveragerði.

Ekki hefur gefist tími til að fara í útboð eða aðra skoðun á endurskoðun á reikningum, tölvumálum, heimasíðu og markaðs- og kynningarmálum en vonandi verður hægt að vinna í þeim málum fljótlega.

Eigandi Laxabakka óskaði eftir leyfi til að fá Rarik til að leggja heimtaug að húsinu og var það leyfi veitt af formanni HÁ að höfðu samráði við stjórnina. Byrjað er að gera húsið upp en deila um landamerki er enn óleyst.

Búið er að ganga frá samningi um listaverkið Árneseing eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur sem samþykkt var að kaupa á vorfund. Verkið er staðsett fyrir framan Listasafn Árneseinga í Hveragerði.

Unnið hefur verið að lausn húsnæðisvanda Héraðsskjalasafns Árneseinga. Héraðsnefnd auglýsti í september sl. eftir húsnæði undir safnið og í framhaldi höfðu nokkrir aðilar samband og buðu fram húsnæði.

Sveitarfélagið Ölfus hefur ítrekað vilja sinn til að safnið verði staðsett í Þorlákshöfn og að það muni leggja til lóð safninu að kostnaðarlausu. Enn fremur lýsti byggingafyrirtækið Hamrakór sig reiðubúið til að byggja húsið þar fyrir Héraðsskjalasafnið hvort heldur er til eignar eða leigu.

Sveitarfélagið Árborg hefur einnig boðið fram lóð undir Héraðsskjalasafnið endurgjaldslaut og lýsir það sig reiðubúið til að byggja hentugt húsnæði fyrir safnið og leigja því það.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson og Smári Bergmann Kolbeinsson.

Skýrsla stjórnar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 16 frá 10. maí var lögð fram og samþykkt. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 10. frá 26. ágúst, nr. 11 frá 30. september, nr. 12 frá 7. október og nr. 13 frá 15. október voru lagðar fram og staðfestar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Lagt var til að taka Listasafn Árneseinga næst á dagskrá og var það samþykkt samhljóða.

3. Listasafns Árneseinga, fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020

Helgi S. Haraldsson, formaður stjórnar Listasafns Árneseinga, fór yfir fundargerð stjórnar Listasafns Árneseinga frá 26. september, var hún lögð fram og samþykkt.

Ræddi Helgi um ráðningu og auglýsingar eftir nýjum safnstjóra, einnig ræddi hann um listaverkið Árneseing og verk Ragnars Bjarnasonar sem eru á safninu en safnstjóri lagði til

á stjórnarfundum að verkin sem eru á Listasafninu yrðu send á Safnasafnið fyrir norðan og verði þá varðveitt með öðrum verkum eftir listamanninn þar og samþykkti stjórnin það. Afkomendur Þorkels Bjarnasonar á Laugarvatni óskuðu eftir að gefa tvö listaverk til safnsins, annars vegar málverk af Bjarna Bjarnasyni og hins vegar af Þorkeli Bjarnasyni og var það samþykkt.

Til máls tók auk formanns Friðrik Sigurbjörnsson.

Helgi fór yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2020 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Kristín Magnúsdóttir og Ari Björn Thorarensen.

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2020 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Tónlistarskóli Árnesinga, fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri, og Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga, komu inn á fundinn.

Helga fór yfir komandi vetur sem hún segir spennandi. Margir nemendur koma til náms núna eftir að hafa sótt námskeið og tekið þátt í upprifjunardögum.

Loksins hefur náðst að kennsla á vegum Tónlistarskólans fari fram í öllum grunnskólum á sýslunni en sl. vor fluttist kennsla úr íþróttahúsinu Stað í grunnskólann á Eyrabakka.

Þessu ber að fagna.

Kennarahópurinn er mjög stöðugur. Þeir kennarar sem voru í námsleyfi sl. vetur hafa snúið heim á ný og gekk vel að ráða til starfa nýja kennara í stað þeirra þriggja sem hættu eða fóru í leyfi. Þar hjálpaði mikið til gott orðspor Tónlistarskólans. Kjarasamningar runnu út í vor og er verið að vinna í þeim málum og þarf að endurskoða fjárhagsáætlun þegar tekist hefur að semja.

Endurmenntun er reglulegur þáttur í starfsemi skólans. Starfsmenn fóru í námsferð til Austurríkis og Þýskalands í vor og komu margs fróðari heim. Fór hún yfir starfsemi síðasta vetrar og ræddi um hljóðfærakynningar sem fram fara í 2. bekk í 11 skólum í sýslunni. Allt í allt eru 85 kynningar á vetri.

3 nemendur luku framhaldsprófi í vor. Tónleikahald skólans var með hefðbundnu sniði með nokkrum viðburðum sem skáru sig þó úr, má þar nefna Allskynsóperuna sem fór fram í Hólmaröst sl. vor. Tvö atriði frá Tónlistarskóla Árnesinga voru valin til áframhaldandi þátttöku á lokatónleikum í Hofi á Akureyri, voru það atriði ryþmasveitarinnar No Sleep og Eyrúnar Huldar Ingvarsdóttur, fiðluleikara.

Sýndi Helga myndir af viðburðum sem farið hafa fram á vegum skólans og mátti þar á meðal sjá mynd af eldri kennurum og mökum sem boðið var í kaffi í skólann.

Helga fór yfir fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 193 frá 20. september, var hún lögð fram og samþykkt.

Helga fór yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga fyrir árið 2020 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður, Helgi S. Haraldsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Kjartan Björnsson.

Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga 2020 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

5. Byggðasafn Árneseinga, fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020

Lýður Pálsson kom inn á fundinn og fór yfir fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árneseinga nr. 9 frá 25. júní, nr. 10 frá 3. september og nr. 11 frá 26. september, voru þær lagðar fram og samþykktar.

Ræddi Lýður um húsnæðismálin. Þegar hann hóf störf sem safnvörður var safnið á Selfossi. Eftir það flutti safnið á Eyrarbakka. Fór hann yfir geymslumálin frá upphafi og til dagsins í dag en geymsluhúsnæði hefur ekki verið gott í langan tíma en nú er lausn komin á geymslurými og vinnuáðstöðu.

Viðhaldsframkvæmdir hafa farið fram á Húsinu en húsið var tjargað í sumar og einnig var ráðist í mikla vinnu á lagfæringu og málun á gluggum. Assistentahúsið var einnig málað. Lýður mun sækja um styrki til Húsafríðunarnefndar og ætti að fást endurgreiddur um helmingur af viðhaldskostnaði. Gert er ráð fyrir þó nokkru viðhaldi og endurbótum á húsakynnum safnsins á komandi ári. Einnig ræddi hann um leigusamning við Þjóðminjasafnið á Búðarstíg 22 en leigusamningurinn mun taka gildi 1. nóvember nk. og er til 10 ára.

Sagði hann frá því að starfsmaður safnsins, Linda Ásdísardóttir, væri hætt störfum en auglýst verður eftir starfsmanni í hennar stað fljótlega. Áætlað er að sá starfsmaður komi til starfa í janúar á næsta ári.

Aðsókn erlendra gesta á safnið hefur dregist saman en innlendir gestir eru duglegir að koma. Sýningar eins og Litla Hraun, Rófubóndinn og Bækur og bakkelsi eru allar glæsilegar og áhugaverðar sýningar sem draga að sér innlenda gesti. Safnið gaf út ratleik fyrir tilstilli SASS og hefur hann gefist vel. Ekki verða eins margar sýningar á komandi ári eins og voru í ár.

Opnunartími verður sá sami árið 2020 og áður en ákveðið hefur verið að hækka aðgangseyri á safnið í 1200 kr. Einnig mun verða gefin út verðskrá fyrir veitta þjónustu og söluvörur.

Lýður Pálsson fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga fyrir árið 2020 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson.

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseyslu 2020 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim breytingum að afborgarnir af framkvæmdaláni á árinu 2019 upp á 3,8 millj.kr. bætast við framlag Héraðsnefndar 47,5 millj.kr. Samtals verður framlag

Héraðsnefndar Árnesinga 51,3 millj. kr. á árinu 2020.

6. Búðarstígur 22, fundargerðir byggingarnefndar og staða framkvæmda , umræður og tillögur um framhald

Fundargerð byggingarnefndar Búðarstígs 22 nr. 3 frá 25. júní og nr. 4 frá 3. september voru lagðar fram og samþykktar.

Lögð var fram kostnaðaáætlun sem byggð er á þeim frumdrögum sem fyrirleggjandi eru vegna endurhönnunar hússins í samráði við verktaka framkvæmdarinnar og forstöðumann Bygðasafns Árnesinga. Fullnaðarhönnun hússins er ekki lokið en er í vinnslu. Kostnaðaráætlunin er gerð af Húsey ehf. og er umsjón áætlunarinnar í höndum Samúels Smára Hreggviðssonar.

Lýður fór yfir kostnaðaráætlun og fjárhagsáætlun vegna framkvæmda á Búðarstíg 22 á Eyrarbakka, bæði hvað búið er að greiða og hvað á eftir að greiða á árinu. Fjárhagsáætlun vegna endurnýjunar Búðarstígs 22, þ.e. vegna framkvæmda á árinu 2020, var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður, Árni Eiríksson, Óttar Bragi Þráinsson, Helgi Kjartansson, Kristín Magnúsdóttir, Helgi S. Haraldsson og Ari Björn Thorarensen.

Grímur Jónsson, verktaki framkvæmdarinnar, kom inn á fundinn og fór yfir stöðu mála við framkvæmdir á Búðarstíg 22 og svaraði spurningum fundarmanna. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir. Búið er að mála hluta af húsinu, fara yfir rafmagn, skipta um rafmagnstöflu og inntökum hefur verið breytt og þau yfirfarin. Áætlað er að rými sem Þjóðminjasafnið mun leigja verði tilbúið til afhendingar 1. nóvember nk. eins og gert er ráð fyrir í leigusamningi. Búið er að laga þakið að hluta en fyrirleggjandi er að skipta um allt þakið á húsunum og verður að byrja á því að klára það. Skipt hefur verið um vegginn milli bygginganna, þ.e. stóru skemmunnar og annarra bygginga á reitnum. Grímur telur að ekki hafi neitt óvænt komið upp varðandi húsnæðið. Það þarf að laga glugga, grind og setja hurðir og klæða húsið að utan. Í framhaldinu yrði svo farið í að lagfæra húsið að innan. Það verður að fara í ytra byrðið á húsinu í einni lotu en það er auðveldara að skipta framkvæmdum niður innan húss. Í lok þessa árs ætti að vera hægt að losa Mundakotsskemmuna og gáminn sem geymir muni frá Ölfusi og koma því í geymslu á staðnum.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Egilsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson, Ari Björn Thorarensen, Helgi S. Haraldsson, Jón Páll Kristófersson og Gestur Þór Kristjánsson.

Lögð var fram beiðni frá Lýði Pálssyni og stjórn Bygðasafns Árnesinga þar sem óskað er eftir heimild til lántöku til að ljúka framkvæmdum á Búðarstíg 22 að upphæð 120 millj. kr. með ábyrgð sveitarfélaga þeirra sem standa að baki Bygðasafni Árnesinga.

Ríkisstyrkurinn, sem sótt hefur verið um, yrði nýttur til að greiða niður lánið um þá sömu upphæð og styrkurinn verður. Gert er ráð fyrir að sækja um lánin samkvæmt framgangi verksins.

Tillaga um að Bygðasafn Árnesinga taki lán upp á kr. 120. millj kr. var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

7. **Brunavarnir Árnessýslu, fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020**

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, Unna Björg Ögmundsdóttir og Haukur Grönli, starfsmenn Brunavarna, komu inn á fundinn.

Pétur fór yfir starfsemi Brunavarna Árnessýslu. Umtalsverð fjölgun hefur orðið í sýslunni síðustu ár og ekki sér fyrir endann á því, var fjöldi íbúa 17.959 í janúar 2019. 53% íbúa búa í Árborg. Hækkun hefur orðið á brunabótamati á svæðinu eða um 61% frá árinu 2008. Stöðug aukning er á bílaumferð milli Hveragerðis og Selfoss.

Ræddi hann um reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2015 en þar segir að þegar íbúafjöldinn er kominn yfir 5000 þá eigi að vera slökkvilið þar sem menn eru á vakt á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu skipulagi. Ræddi hann um útkallssvæði og sýndi mynd af skiptingu á svæðunum. Ræddi hann um hvernig staðið er að útkallsvöktun á svæðinu. Fór hann yfir skipulag og bakvaktir en með styrkingu atvinnueiningar á Selfossi mætti frekar „réttlæta“ að ekki séu fullmannaðar bakvaktir á útstöðvum. Gefa þarf út nýja brunavarnaáætlun á næsta ári þar sem sú sem nú er í gildi er að renna út en áætlunin þarf að fá samþykki Mannvirkjastofnunar. Brunavarnir fara fram á að það verði fjölgað um 2 slökkviliðsmenn í dagvinnu á stöðinni á Selfossi.

Pétur fór yfir fjölda útkalla en aukning varð á útköllum 2018 og stefnir í það einnig árið 2019. Það er ekki auðvelt að áætla útköllin.

Slökkviliðsstjóri fór yfir kröfur um æfingahald skv. viðkomandi lögum og reglugerðum en krafa er um að lágmarki 45 klst. í æfingar á ári. Almennar æfingar og virkjanaæfingar þurfa að fara fram en hver og einn slökkviliðsmaður fær 4 klst. greiddar fyrir hverja æfingu. Einnig þarf að halda varðstjórafundum. Það þarf að passa upp á gangsetningar á öllum tækjum og kanna virkni alls búnaðar og er það gert 1 sinni í viku.

Fyrir liggur að nauðsynlegt er orðið að endurnýja körfubílinn en núverandi bíll er orðin 40 ára.

Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 6 frá 26. september var lögð fram og staðfest.

Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

Pétur fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2020 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns Helgi S. Haraldsson, Ari Björn Thorarensen, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Óttar

Bragi Þráinsson, Njörður Sigurðsson, Gestur Þór Kristjánsson, Gunnar Egilsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson og Kjartan Björnsson.

Eftir umræður á fundinum um fjárhagsáætlun BÁ lagði fundurinn til að hafna óskum slökkviliðsstjóra um að fjölga fastráðnum starfsmönnum um tvo hjá Brunavörnum Árnassýslu.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta atkvæða.

Fjárhagsáætlun fyrir Brunavarnir Árnassýslu 2020 var borin undir atkvæði með þeim breytingum sem samþykktar voru hér á undan. Var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

8. Formaður stjórnar Almannavarna og almannavarnafulltrúi fara yfir málefni Almannavarna

Ásta Stefánsdóttir, formaður Almannavarna Árnassýslu, Björn Ingi Jónsson, almannavarnafulltrúi og Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, komu inn á fundinn og fóru yfir málefni Almannavarna.

Björn Ingi leggur mikið upp úr því að um sé að ræða eitt svæði og eitt afl. Það eru 14 sveitarfélög sem eiga aðild að þessu samstarfi og þrjár héraðsnefndir.

Markmiðið er að auka öryggi íbúa og þeirra sem fara um umdæmið og gera svæðið áhættuþolnara.

Langtímaáætlanir sveitarfélaganna hafa verið staðfestar í 11 sveitarfélögum og eru í vinnslu hjá þremur og verða líklega samþykktar fljótlega.

Ræddi hann um almannavarnavikur sem haldnar voru í sveitarfélögunum. Þar voru tekin fyrir líkleg atvik sem geta orðið, svo sem hópslys, samgöngur, jarðskjálftar, eldgos og óveður.

Áætlað er að fara í vinnu við viðbragðsáætlanir vegna skógar- og kjarrelða, jarðskjálfta á Suðurlandi, heimsfaraldra innflúensu, eldsumbrota í Örfafjöklum svo eitthvað sé upp talið. Í endurskoðun eru áætlanir um Bárðarbungu, flóð til suðurs og flugslysaáætlun við Hornafjarðarflugvöll.

Einnig er ráðgert að fara í æfingar, svo sem flugslysaæfingu á Suðurlandi, undirbúning fyrir hópslysaæfingu á miðsvæði umdæmisins og eldsumbrot í Örfafjöklum. Allt er þetta mjög þarft að æfa og skiptir sköpum ef atburðir eiga sér stað.

Björn hefur tekið þátt í aðalfundum RKÍ. Reglubundnir fundir eru með framkvæmdaráði Almannavarna ásamt heimsóknnum til björgunarsveita.

Ræddi hann um aðgerðastjórnir sem eru bæði á Selfossi og Hvolsvelli. Fram undan er uppbygging á vettvangsstjórnstöðvum, þjálfun og æfingar.

Kjartan lögreglustjóri tók til máls og ræddi um ánægju með þetta samstarf og hvað þetta samstarf hefur verið að skila miklu. Gerð viðbragðsáætlana er mjög mikilvæg en í framhaldi er mjög mikilvægt að halda áfram að æfa og endurskoða. En það þarf að taka mið af því að það er misjafn aðbúnaður á hverjum stað fyrir sig en einnig þarf að skoða hvað þarf í hverju tilfelli.

Ræddi Kjartan um að það væri sjálfsagður hlutur hjá þeim að koma í heimsóknir til sveitarstjórnanna og kynna sig og þá áætlanir sem eru í gangi á hverjum stað.

Ásta, Björn Ingi og Kjartan svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Gunnar Egilsson og Kjartan Björnsson.

9. Almannaþingin Árnessýslu, fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri fór yfir fundargerðir framkvæmdaráðs Almannaþinginn Árnessýslu frá 27. ágúst og frá 26. september, voru þær lagðar fram og staðfestar.

Ásta Stefánsdóttir fór yfir breytingar á samþykktum fyrir Almannaþingarnefnd Árnessýslu og lagði til við Héraðsnefnd Árneseinga að samþykkja breytingar á samþykktinni.

Samþykktin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ásta fór yfir fjárhagsáætlun Almannaþinginn Árnessýslu fyrir árið 2020 en ekki var einróma samþykkt í framkvæmdaráðinu um starfsmann AÁ og lögreglunnar. Ræddi hún um kosti þess að vera í samvinnu með öðrum sveitarfélögum í þessum málum ef hamfarir eiga sér stað.

Fjárhagsáætlun Almannaþinginn Árnessýslu 2020 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

10. Héraðsskjalasafns Árneseinga, fundargerðir og fjárhagsáætlun 2020

Þorsteinn Tryggvi Másson kom inn á fundinn.

Þorsteinn sagði frá því að í rauninni væri ekki búið að taka ákvarðanir varðandi sameiningu héraðsskjalasafna á Suðurlandi. En boltinn er hjá söfnunum sjálfum. Starfsmenn Héraðsskjalasafnsins eru fimm í dag og þrjú þeirra eru fastráðnir. Tveir starfsmenn eru verkefnaáráðnir vegna miðlunarverkefnis sem Þjóðskjalasafn Íslands styrkir.

Þorsteinn var ánægður með frumkvæði framkvæmdastjórnar að auglýsa eftir húsnæði fyrir safnið en geymslusvæði safnsins er sprungið.

Þorsteinn fór yfir fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafns Árneseinga frá 3. september og 24. september, voru þær lagðar fram og samþykktar.

Til máls tók auk formanns Njörður Sigurðsson.

Þorsteinn fór yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga fyrir árið 2020 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2020 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

11. Persónuverndarfulltrúi - óskir sveitarfélaga um að Héraðsskjalasafnið sinni þeim málum fyrir þau

Ræddi Þorsteinn um erindi sem borist hefur frá Hrunamönnum um að Héraðsskjalasafnið verði persónuverndarfulltrúi fyrir Hrunamannahrepp. Fór hann yfir kosti þess að Héraðsskjalasafnið taki að sér vinnu persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélögin. Ef fleiri sveitarfélög vilja nýta sér þessa þjónustu þá væri spurning um að ráða inn aðila sem sæi um þessi mál fyrir sveitarfélögin ásamt öðrum verkefnum á safninu. Möguleiki væri þá að sá aðili væri búsettur hér á svæðinu.

Einnig hafa önnur sveitarfélög í uppsveitunum rætt um að fá Héraðsskjalasafnið til að taka að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa, einnig væri möguleiki á að stofnanir sem heyra undir Héraðsnefnd gætu nýtt sér þennan möguleika.

Til máls tóku auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson, Njörður Sigurðsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Þór Kristjánsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Helgi Kjartansson og Björgvin Skafti Bjarnason.

Lögð er fram tillaga fyrir fundinn um að Héraðsskjalasafn Árnesinga taki að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélögin og stofnanir Héraðsnefndar Árnesinga og er stjórn safnsins falið að vinna áfram að málinu. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka hjá Héraðsskjalasafninu vegna verkefnisins.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

12. FabLab

Olga Lís Garðarsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands kom inn á fundinn og ræddi um FabLab verkefnið og stöðu þess. Í FSu er nú í boði áfangi sem heitir Nýsköpun og eru tæplega 20 nemendur skráðir í hann. Fyrirhugað er að vera með framhaldsáfangi í boði á næstu önn.

Bæði nemendur og starfsmenn sýna verkefninu áhuga. Grunnskólarnir eru að nýta þetta og er það að gefast vel. Heimsóknir úr grunnskólum sveitarfélaga sem eru aðilar að FSu eru að nýta þetta á virkum dögum en einnig er verið að kenna FabLab um helgar. Virk, Fræðslunetið og starfsbrautin í FSu hafa verið að kynna sér FabLab og er gaman að sjá hvað það eru margir aðilar sem vilja kynna sér þetta verkefni og nýta. Einnig hafa erlendir aðilar komið og skoðað ásamt ýmsum félagasamtökum og fyrirtækjum.

Nemendur í grunnskólum á Suðurlandi tóku þátt í Verksmiðjusatkeppninni og einn nemandinn vann í FabLab Selfoss og hlaut hann Samfélagsverðlaun.

Fræðslunetið stóð fyrir áfangi fyrir fullorðna og voru 20 þátttakendur en fljótlega hefst nýtt námskeið hjá þeim. FSu er ekki endilega helsti notandinn heldur líka aðrir aðilar. Kennarar eru mjög áhugasamir um þetta en fyrirhugað er að hafa námskeið fyrir þá á næstunni. Það eru þrír kennarar sem sjá um þetta í skólanum.

Nemendur skólans eru ekki að greiða efniskostnað nema þetta séu hlutir sem þeir taka með sér heim.

Til máls tóku auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson, Gunnar Egilsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

12. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnessýslu

Eyþór H. Ólafsson fór yfir hvernig málum er háttað í húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins. Héraðsnefndin auglýsti nýlega eftir húsnæði fyrir safnið og hafa nokkrir aðilar haft samband og boðið fram húsnæði. Bæði Sveitarfélagið Ölfus og Sveitarfélagið Árborg eru búin að bjóða fram lóðir og húsnæði undir safnið.

Framkvæmdastjórn óskar eftir skýrri niðurstöðu fundarins um hvernig haga skuli húsnæðismálum fyrir Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Ákveðið var að kjósa um staðsetningu en ekki eignarform.

Eftirfarandi spurning var lögð fyrir fundinn:

Staðsetning fyrir Héraðsskjalasafn Árneseinga

Hvort á safnið að vera á Selfossi eða í Þorlákshöfn?

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Gestur Þór Kristjánsson, Ari Björn Thorarensen, Kjartan Björnsson, Gunnar Egilsson, Njörður Sigurðsson, Helgi Kjartansson, Jón Páll Kristófersson, Árni Eiríksson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Smári Bergmann Kolbeinsson.

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður kom upp og sagði frá niðurstöðum kosningarinnar.

Alls kaus 21 nefndarmaður. Auðir og ógildir voru 3.

Niðurstaða kosningar:

Alls voru 11 sem vildu að safnið yrði á Selfossi en 7 vildu að safnið yrði í Þorlákshöfn.

13. Héraðsnefnd Árneseinga - fjárhagsáætlun 2020

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og svaraði fyrirspurnum um áætlunina.

Stjórn óskar eftir að fundurinn samþykki aukafjármagn kr. 5 millj. sem verða notaðar til að vinna áfram í húsnæðismálum fyrir Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Áætlun fyrir árið 2020 fyrir Héraðsnefnd Árnesinga með viðbótar fjárhæð sem var samþykkt hér á undan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga 2020						
Samþykkt á haustfundi á Selfossi 15. október 2019						
	Áætlun 2019	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2020	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára	
Tekjur:						
Framlög sveitarfélaga	138.994.000	100,0%	167.448.000	100,0%	20,5%	
Tekið af eigin fé:						
Samtals	138.994.000		167.448.000		20,5%	
Gjöld:						
Byggðasafn Árnesinga	32.900.000	23,7%	51.300.000	30,6%	55,9%	
Listasafn Árnesinga	36.420.000	26,2%	40.978.000	24,5%	12,5%	
Héraðsskjalasafn Árnesinga	31.100.000	22,4%	32.320.000	19,3%	3,9%	
Stjórnun, annað og ófyrirséð	4.000.000	2,9%	10.500.000	6,3%	162,5%	
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	24.000.000		24.500.000		2,08%	
FSU vegna FabLab vegna 2020	6.000.000		6.000.000		0,0%	
FSU vegna FabLab vegna 2018	3.000.000		0		-100,0%	
Fastir styrkir	1.574.000	1,1%	1.850.000	1,1%	17,5%	
Samtals	138.994.000	100,0%	167.448.000	100,0%	20,5%	
Sundurliðun:						
Fastir styrkir						
HSK	1.064.000	0,8%	1.250.000	0,7%	17,5%	
SSK	255.000	0,2%	300.000	0,2%	17,6%	
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	255.000	0,2%	300.000	0,2%	17,6%	
Samtals	1.574.000	1,1%	1.850.000	1,1%	17,5%	
	2019		2020		Breyting á milli ára	
Tónlistarskóli Árnesinga						
Launaliður	283.346.600		287.026.778		1,3%	
Samtals	283.346.600		287.026.778		1,3%	
Almannavarnir Árnessýslu	1.752.000		6.752.000		285,4%	
Samtals	1.752.000		6.752.000		285,4%	
Brunavarnir Árnessýslu	298.586.000		333.424.000		11,7%	
Samtals	298.586.000		333.424.000		11,7%	

Þakkaði Eyþór héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundinn sátu: (sign)

Eyþór H. Ólafsson	Hveragerði
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Kjartan Björnsson	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Þráinsson	Bláskógabyggð
Smári Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson	Hveragerði
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Árborg
Gunnar Egilsson	Árborg
Tómas Ellert Tómasson	Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Árborg
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Gestur Þór Kristjánsson	Sveitarfélagið Ölfus
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari